

## Smáauglýsingar – Sími 550 5000

Makalaua línan 904 1666. Þjónusta fyrir þá sem vilja lífa lífinu lífandi, láttu ekki happ úr hendi sleppa, hringdu núna. 904 1666. 39,90 mín.

 **Veislubjónusta**

Veislusalir – Einkasamkvæmi. Leigjum út veislusali. Veisluföngin færðu hjá okkur. Veislu-Rísid, Rísínu, Hverfisgötu 105. S. 562 5270/896 2435.

 **Verðbréf**

Óska eftir 1 milljón króna láni í 1-2 ár. Svarþjónusta DV, sími 903 5670, tilvnr. 60149.

 **Bókhald**

Bókhald – Ráðgjöf. Skattamál – Launamál. P. Sturluson – Skeifunni 19. Sími 588 9550.

 **Þjónusta**

Verktak hf., sími 568 2121.  
• Steypuviðgerðir.  
• Háþrýstipvottur.  
• Lekaviðgerðir.  
• Móðuhreinsun glerja.  
Fyrirtæki fagmanna.

Langar þig til að lífga upp á heimill þitt eða vinnustað? Tek að mér lagfæringar og endurnýjun á húsnæði. Góð og ódýr vinna. Uppl. í síma 896 9651.

Raflagnir, dyrasímabjónusta. Tek að mér raflagnir, dyrasímaviðg. og loftnetslagnir. Visa/Euro. Löggiltur rafvirkjameistari. S. 553 9609 og 896 6025.

 **Ræstingar**

Alþrif, stígagangar og íbúðir. Djúphreinsun á teppum. Þrif á veggjum. Fljót og örugg þjónusta. Þóst verðtilboð. Uppl. í síma 565 4366.

 **Til bygginga**

Ódýrt þakjárn. Ódýrt þakjárn og veggklæðning. Framl. þakjárn og falllegar veggklæðningar á hagstæðu verði. Galvaniserað, rautt/hvitt/koksgrátt. Timbur og stál hf., Smiðjuv. 11, Kóp., s. 554 5544 og 554 2740, fax 554 5607.

## Menning

## Eins konar hversdagsrómantik

16 ungir myndlistarmenn á Kjarvalsstöðum

Á undanförunum misserum hefur því gjarnan verið haldið á lofti í umfjöllunum um myndlist að nú sé allt leyfilegt, umburðarlyndi sé ríkjandi gagnvart listum og að fjölbreytileiki og frelsi einkenni myndlist dagsins í dag. Auður Ólafsdóttir, sem hefur umsjón með samþyngingu ungra myndlistarmanna er var opnuð um helgina á Kjarvalsstöðum, fjallar nokkuð um þessa skilgreiningu í upphafi fróðlegs pistils síns í sýningarskrá. Auður kemst að þeirri niðurstöðu að „samþíminn eigi sér skýr viðmið og gildi sem rúmi ekki endilega „allt“, frekar en aðrir tímar“. Jafnframt sér hún hilla undir „endalok hins séríslenska dualisma sem hefur verið ríkjandi í myndlistarheiminum allt frá lokum síðari heimsstyrjaldar og byggist aðallega á því að ekki er rúm fyrir fleiri sjónarmið á vettvangi myndlistarinnar en tvö í einu, og alls ekki í sama verkinu; ríkjandi sjónarmið annars vegar og hins vegar meinta andstæðu þess“.

## Lognkyrr list

Nánar tiltekið sameinast nú málverk og konsept í einu verki, rökhugsun og tilfinningar hafa jafnt vægi í verkum þessarar yngstu kynslóðar íslenskra listamanna. Auður Ólafsdóttir kemst sömuleiðis að þeirri niðurstöðu að „lognkyrra“ einkenni list ungra myndlistarmanna nú miðað við þann asa sem einkenndi nýja málverkið fyrir áratug. Nú sé tími hins pottþetta handverks, nosturslegrar skreytilistar, sviðsetninga og frásagnarlegra verka sem einkennist af kaldhæðinni eftirsjá. Alls eiga sextán listamenn verk á sýningunni og eru þeir allir fæddir á sjöunda áratugnum.

## Rómantik og fegurð

Hugtök eins og rómantik og fegurð fá sannarlega uppreisn æru í umfjöllun Auðar Ólafsdóttur í sýningarskránni og færir hún gild rök fyrir því. Í matarmálverkum Þorra Hringssonar er handverkið vegsamað og í verkum Victors G. Cilia, Steinunnar Helgu Sigurðardóttur og Guðbjargar Hjartardóttur Leaman er handverkið beinlínis uppspretta þar sem vísað er jafnframt til rómantískrar upphafningar þess fyrr á tímum. Það sem virðist þó jafnframt einkennda verk þessarar kynslóðar er að fyrirvari er jafnan settur á það hvernig verkið skuli lesið. Ýmislegt er gefið í skyn og margt lúrir undir yfirborðinu á þessari sýningu. Svo er t.a.m. með verk Péturs Arnar Friðrikssonar og Eyglóar Harðardóttur. Pétur tengir plöntur við tölvur og visar til mýtu iðnyltingarinnar um dularfullu tilraunastofuna og óskiljanleika vísindanna. Eygló



Steinunn Helga Sigurðardóttir: Maðurinn og björninn.

## Myndlist

## Ólafur J. Engilbertsson

sýnir hversdaginn sem net byggt á límböndum sem ramma inn minningabrot, væntingar og ótta við hið óskiljanlega.

## Minningar og þjóðlegheit

Birgir Snæbjörn Birgisson og Valgerður Guðlaugsdóttir fjalla einnig um minningar í frásagnalegum verkum sínum. Birgir malar þökukennar og fjarlægjar myndir í anda myndskreytinga í barnabókum og Valgerður setur sjálfa sig í stellingar kvenhetja á kápu ástarsagna og skiptir út baksviðinu fyrir íslenska náttúru byggða t.a.m. á málverkum Jóns Stefánssonar. Þorbjörg Þorvaldsdóttir byggir einnig á þjóðlegum landslagsmálverkum í þrívíddarverkum sínum er nefnast fjöll, en Gústav Geir Bollason kemst hvað næst hefðbundnu landslagsverki í panoramateikningu sinni af landslagi. Loks má nefna verk Rögnu Sigurðardóttur og Hlyn Hallssonar þar sem texti er stór þáttur í verkunum og í raun burðargrind þeirra. Þessi athyglisverða úttekt á list ungra myndlistarmanna verður á Kjarvalsstöðum út nóvember.

## Smáauglýsingar –

Sími 550 5000 Þverholti 11

 **Vélar - verkfæri**

Jarðvegsþjappa til sölu, 200 kg, einnig stór jeppakerra, sambyggð rafstöð/rafsuðuvél, 300 amp., og rafvinda, 800 kg. S. 587 2300 eða hs. 554 6322.

 **Til sölu**

## IDE BOX



Þegar þú vilt sofa vel skaltu velja Ide Box sænsku fjaðradýrnarnar. Margar stærðir. Mjúkar, millistífar eða harðar dýnur, allt eins og passar hverjum og einum. Yfirdýna fylgir öllum stærðum og verðið er hagstætt. Þúsundir Íslendinga hafa lagt leið sína til okkar og fundið réttu dýnuna með aðstöð sérhæfðs sölufólks. Ide Box fjaðradýrnarnar fást aðeins í Húsgagnahöllinni, sími 587 1199.

## Amerískar DÝNUR

Verð dæmi: Heilsudýnur  
Prestige Queen kr. 79,900  
Prestige King kr. 99,900  
Royalty King kr. 129,900  
Bein dýnur þess bak  
Springwall Rekkjan hf.  
Skiptuhóli 35 - Sími 588 1955

Veldu það besta/gerðu verðsamanburð.

„Ég held ég gangi heim“  
Ettir einn -ei aki neinn  
UMFERDAR RÁÐ

 **Verslun**



Ath., breytan afgreiðslutíma frá 1. október. Höfum við opið frá kl. 14-22 mán.-föst., kl. 12-16 laug. Erum í Fákafeni 9, 2. hæð, s. 553 1300. Troðfull búið af allsk. spennandi vörum til að auka kynlíf. Fallegum undirfatnaði, latex- og pvc-fatnaði o.m.fl. Stór tækjalisti, kr. 950, plastfatalisti, kr. 500. Allar póstr. duln. Vertu velkomn. Sjón er sögu ríkari.




Sérverslanir með barnafatnað. Við höfum fötin á barnið þitt. Okkar markmið er góður fatnaður (100% bómull) á samkeppnishæfu stórmarkaðsverði. Erum í alfaraleið, Laugavegi 20, s. 552 5040, í bláu húsunum við Fákafen, s. 568 3919 og Kirkjuvegi 10, Vestmannaeyjum, s. 481 3373. Láttu sjá þig. Sjón er sögu ríkari.

 **Kerrur**

## ÍSLENSK DRÁTTARBEISLI



Gerð verðsamanburð. Ásetning á staðnum. Allar gerðir af kerrum, allir hlutir til kerrusmíða. Opíð laugard. Víkurvagnar, Síðumúla 19, s. 568 4911.


 **Hjólbarðar**

## BFGoodrich

Gæði á góðu verði



Gerð verðsamanburð.  
All-Terrain 30"-15", kr. 11.610 stgr.  
All-Terrain 31"-15", kr. 12.987 stgr.  
All-Terrain 32"-15", kr. 13.950 stgr.  
All-Terrain 33"-15", kr. 14.982 stgr.  
All-Terrain 35"-15", kr. 16.985 stgr.  
Hjólbarðaverkstæði á staðnum.  
Bílabúð Benna, sími 587-0-587.

 **Bílaeiga**


Nýir Toyota-bílar. Á daggjaldi án kílómetragjalds eða inniföldum allt að 100 km á dag. Þitt er valið! Bílaeiga Gullviðis, símar 896 6047 og 554 3811.



UMFERDAR RÁÐ

**AFMÆLI UM ALLT LAND**

**20 ára DAGBLAÐ**

**Hátíðum DV frestað**

**Fyrirhuguðum afmælishátíðum DV um landið verður frestað um óákveðinn tíma.**

**Nánar auglýst síðar.**

**DV þakkar öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn við afmælishátíðirnar kærlega fyrir veitta aðstoð.**

**DV**